

Sýning Valgerðar Hafstað

Valgerður Árnadóttir Hafstað hefur verið búsett erlendis sl. 20 ár og í heimsborgum eins og París og New York eða í nágrenni þeirra. Því er eðlilegt að myndverk hennar hafi yfir sér alþjóðlegan blæ og ferskleika heimsborgarans. Valgerður hefur eins og svo margir af hennar kynslóð mikinn áhuga á litnum sem slíku og niðurröðun hans á myndfletinum og fjölskrúðugum einingum, sem dreift er á margvíslega vegu eftir því sem andinn blæs henni í brjóst hverju sinni. Þá eru vinnubrögð listakonunnar mjög vönduð og heildarsvipur sýn-

“Listakonan er í hæsta máta ljóðræn í myndum sínum og þær bera tilfinningaríkri sál vitni er fyrst og fremst útfærir myndir sínar eftir skynrænum kenndum.”

ingarinnar því mjög sterkur. Það er því erfitt að benda á einstakar myndir er skera sig úr gæðum því að allar hafa þær eitthvað gilt til brunns að bera. Listakonan er í hæsta máta ljóðræn í myndum sínum og þær bera tilfinningaríkri sál vitni er fyrst og fremst útfærir myndir sínar eftir skynrænum kenndum.

Valgerður sýndi síðast hér heima í FÍM-salnum að Laugarásvegi, sem nú hefur verið lagður niður á meðan verið er



að svipast eftir hentugra húsnæði. Það eru tvö ár síðan og þykir undirrituðum þessi sýning öllu sterkari og lifmeiri þótt breytingarnar séu ekki áberandi miklar. Þá sýndi hún

dálítið af ræmumyndum og eru einungis tvær slíkar á þessari sýningu, nr. 4 „Innrím I“ og 11 „Innrím II“, en þær eru báðar verðar allrar athygli. — Máski er mynd nr. 6 áhrifamesta

Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

verkið á sýningunni, litrík og sterk í formi, — ég staðnæmdist einnig við myndir eins og „Stafhenda“ (7), „Draugaleg“ (21) og „Afending“ (29) sem er ólík öllu öðru á sýningunni og kann að boða breytingar á list Valgerðar, sem þó er ógjörningur að spá í.

Sýning Valgerðar Á. Hafstað er menningarviðurður sem menn ættu ekki að láta fram hjá sér fara. Hún lætur lítið yfir sér og listakonan er hávaðalaus í viðleitni sinni og á ekki til skrum en vinnur þeim mun meira á við nánari kynni.

Sýning Helgu Weisshappel Foster

Það hefur lengi verið hljótt um Hamragarða sem vettvang myndlistarsýninga en nú sýnir þar frú Helga Weisshappel Foster þrjú tugi myndverka. Helga hefur verið mikil atorkona á sýningarvettvangi heima sem erlendis og hefur m.a. náð að komast í nokkrar alfræðiorðabækur um myndlist og er meðlimur í suðrænum listaakademíum.

Vinnubrögð Helgu eru mjög opin og óþvinguð og hún notar

“Hins vegar komu nokkrar myndir Helgu á sýningunni hér alsendis á óvart en það er þá hún bregður á leik og leyfir sér að sprella dálítið í stað þess að hugsa um fagra áferð!”

gjarna upphleypta áferð til að auka á áhrif og áferð. Litir hennar vilja oft verða mjög íburðarmiklir og það kann undirritaður síst að meta. Hins vegar komu nokkrar myndir Helgu á sýningunni hér alsendis á óvart en það er þá hún bregður á leik og leyfir sér að sprella dálítið í stað þess að hugsa um fagra áferð! Á ég hér



við myndir eins og „Ommuhorn“ (15), „Tré“ (16) og „Andlit“ (17). Hér kemur fram upprunaleg myndhugsun, sem Helga hefði mátt sinna meira um dagana. Ekki veit ég hvenær listakonan gerði þessar myndir því að ártöl vantar með öllu í sýningarskrá sem er sjálfsagt til boga öllum þeim er rita um myndlistir.

Ég álit Helgu sterkasta sem listakonu þegar hún vinnur einfalt og í hreinum og ferskum litum hvort sem þeir eru sterkir svo sem í myndunum í litla herberginu eða eintóna eins og í stærri sóluum.

Dregið saman í hnotskurn má segja að Helga sé náttúrabarn í list sinni með öllum þeim kostum og göllum er því fylgja og jafnframt barn þess umhverfis er hún lifir og hrærist í.

Myndvefnaður Ásu Ólafsdóttur

Í vestri gangi Kjarvalsstaða sýnir Ása Ólafsdóttir á þriðja tug vefjalistarmynda sem hún hefur gert á sl. fimm árum en þó eru fæstar myndirnar af nýrri gerð. Ása hefur verið búsett í Gautaborg undanfarið og hlotnast þar ýmis frami t.d. hefur hún fengið starfsstyrk frá sænska ríkinu svo og samnorrænan styrk.

Ása er dálítið sér á parti hvað skoðanir snertir og val myndefna. Hér fyrrum voru það frumstæð andlit er ein-

“Ása er dálítið sér á parti hvað skoðanir snertir og val myndefna. Hér fyrrum voru það frumstæð andlit er einkenndu list hennar og minntu vinnubrögðin um sumt á list indjána.”

kenndu list hennar og minntu vinnubrögðin um sumt á list indjána. En er hún hefur dvalist ytra hafa þjóðleg viðhorf farið að segja meira til sín og er t.d. mynd hennar af íslenska torfbænum ein albesta myndin á sýningunni og hefur enda



vakið mikla athygli fyrir frumlega útfærslu. Ása hefur bætt miklu við list sína á fáum árum t.d. hvað blæbrigðaríkdóm snertir og vil ég hér einkum

benda á myndirnar „Síðasta sumarið“ (11) og „Sumarið eftir“ (12). Þá eru föng hennar stórum fjölbreyttari en áður og ljóst er að hér er á ferð

listakona er hefur ánægju af að glíma við hin margvíslegustu viðfangsefni. Hún vinnur hvort tveggja á sviði fjölbreytileikans sem einfaldleikans og kann að byggja upp lífrænan einfaldleika svo sem við sjáum í mynd hennar „Samband“ (19) sem er einkar skemmtileg, hrifmikil mynd, rík af yndisþokka. Það er ekki ofsögum sagt að myndir Ásu Ólafsdóttur geri ganga vestri hluta Kjarvalsstaða hlýlegri og lífrænni og mætti leggja áherslu á fleiri svipaðar sýningar í þessum hluta hússins því það er líkast því sem gesturinn sé boðinn velkominn í þetta musteri listarinnar er svo tekst til að líkist þéttingsföstu handartaki.


Haldi Ása Ólafsdóttir sínu striki þá er ekki að efa að hún eigi bjart framundan á lista-brautinni og fylgja henni mínar bestu óskir.

Skúlpúr Hallsteins Sigurðssonar

Það er mikil þrautseigja í vinnubrögðum Hallsteins Sigurðssonar sem undanfarið hefur verið með sýningu á skúlpúr-verkum sínum í eystri gangi Kjarvalsstaða og á stéttinni fyrir utan. Hann hefur ekki einasta unnið jafnt og þétt að myndum sínum heldur í millitíðinni byggt risastóra vinnustofu í Breiðholti en áður hafði hann aðsetur að Korpúlfsstöðum. Myndir sínar vinnur Hallsteinn í margvísleg efni svo sem steinsteypu, plötujárn og epoxy kvarz og notar að auk ýmis litarefni. Það mætti gjarnan skilgreina list hans á þann hátt, að hann gangi út frá

“Myndir hans eru þungar og staðar og léttur yndisþokkinn virðist vera honum fjarri skapi. Allt er þetta í samræmi við skapgerð listamannsins og látbragð allt en hann er þéttur á velli og hægur í framkomu, líkt og frændi hans, Ásmundur Sveinsson.”

„massívum“ forsendum í list sinni svo sem það nefnist á fagmáli. Myndir hans eru þungar og staðar og léttur yndisþokkinn virðist vera honum fjarri skapi. Allt er þetta í samræmi við skapgerð listamannsins og látbragð allt en hann er þéttur á velli og hægur



í framkomu líkt og frændi hans Ásmundur Sveinsson.

Myndirnar á sýningunni spanna yfir tímabilið 1968—1981 en þó á þetta ekki að vera yfirlitssýning nema að vissu

marki því hér vantar hreyfi- og veggmyndirnar, sem hann gjarnan nefnir gólfskríð og fónsun.

Það er mikið magn mynda í ganginum, sennilega full mikið

þar sem um höggmyndir er að ræða, sem þurfa ákveðið rými til að njóta sín, — hér hefði mátt koma til nokkur grisjun. Hins vegar fer vel um myndirnar á stéttinni og tvímælalaust eru það öflugustu myndir sýningarinnar, í senn lífrænastar og hrifmestar og þá einkum rauðu myndirnar. Þykir mér rauða myndin „Ris“ (25) tvímælalaust hápunktur sýningarinnar einkum fyrir það að hún er áreynslulausust í útfærslu þ.e. líkast því að vera sprottin upp frá sjálfri náttúrunni.

Nú þegar Hallsteinn hefur hin ákjósanlegustu vinnuskilyrði verður fróðlegt að fylgjast með þróun listar hans á næstu árum og lofa hér plötujárnsmyndir hans miklu. Ég hef svo oft ritað um annarskonar myndir Hallsteins á þessari sýningu, t.d. hinar minni steinsteypumyndir svo að ég læt þetta duga að sinni en hvet hann til viðamikilla athafna og hér skipta gæðin meira máli en magnið.